



Tölvupóstur 20.09.2024

Byggðaráð

## Minnisblað Langanesbyggð

Ágætu aðal- og varamenn í sveitarstjórn,

Ég og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins höfum verið að vinna að eftirfylgni vegna skýrslu starfshóps um eflingu samfélagsins á Langanesi. Meðal annars höfum við átt fundi um tillögu 4 (Jarðhitaleit) og rætt möguleika þess að jarðhitaleit verði haldið áfram og unnið að kortlagningu þekktra jarðhitakosta. Þá höfum við jafnframt rætt hvernig megi kortleggja önnur tækifæri og tæknilausnir sem fela í sér vinnslu orku til húshitunar, t.d. með varmadælum.

Við settum saman minnisblað og unnum það eftir samtali við Hagvarma, sem hefur séð um varmadæluvæðingu dreifbýlis fyrir t.a.m. Tjörneshrepp - sjá viðhengi.

Varmadælur | Hagvarmi Ehf | Reykjavík

[www.hagvarmi.is](http://www.hagvarmi.is) - Ráðgjöf við undirbúning á uppsetningu varmadæla.

[www.hagvarmi.is](http://www.hagvarmi.is)

Þarna er verkefni lýst sem myndi ná yfir sveitarfélagið allt, en endanlegt umfang ræðst af þátttöku og áhuga íbúa. Þessi verkefnalýsing nær ekki til endanlegra verklegra framkvæmda. Fyrsti verkþáttur er einfaldlega kortlagning á aðstæðum og gerð kostnaðaráætlana.

Ráðuneytið hefur tekið vel í þessa tillögu að verkefni og er ég mjög bjartsýnn á að það komi til með að taka þátt í því með okkur, ef vilji sveitarstjórnar stendur til þess.

Ég bið ykkur því um að lesa yfir þetta minnisblað og senda mér athugasemdir.

Ef að líkum lætur munum við fá drög að samningi við ráðuneytið, sem verður þá lagður fram til umræðu. Við munum þá sömuleiðis kynna drög að samningi við Hagvarma. Ef sveitarstjórn er samþykkt, og stuðningur hefur fengist frá ráðuneyti, þá er fyrst gerður samningur um fyrsta verkþátt. Gott tóm mun gefast til að ræða næstu skref í kjölfarið.

Bestu kveðjur og góða helgi

Gunnar